

Kópavogsbær
Íþróttaráð
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Reykjavík, 15. nóvember 2021

Efni: Krafa um íhlutun í málefni Skotfélags Kópavogs.

Til mín hefur leitað Stefán Rúnar Bjarnason og falið mér að rita þetta erindi til Íþróttaráðs Kópavogsbæjar. Umbj. minn gekk í Skotfélag Kópavogs í september 2017, greiddi þangað æfingagjöld og stundaði reglulegar skotæfingar í húsnæði félagsins. Í desember 2018 mun stjórn skotfélagsins hafa tekið ákvörðun, eftir fund á Facebook messenger forritinu, um að reka umbj. minn úr félaginu. Var honum tilkynnt um þá ákvörðun á æfingu í janúar 2019. Ákvörðunin var síðar staðfest á félagsfundi í febrúar 2020.

Umbj. minn höfðaði mál í október 2020 fyrir Héraðsdómi Reykjaness og krafðist þess að brottvikning hans yrði ógilt og að félaginu yrði gert að greiða honum miskabætur. Héraðsdómur kvað upp þann dóm í maí 2021 að ákvörðun stjórnar félagsins um brottrekstur umbj. míns úr félaginu væri ógild. Taldi dómurinn að ákvörðunin hafi verið ólögmæt og dæmði skotfélagið til greiðslu miskabóta og alls málskostnaðar. Voru að mati dómsins hvorki efnisleg skilyrði til brottrekstursins né hafi grundvallar formreglum um brottvikningu félagsmanna verið fylgt við þá ákvarðanatöku. Var ákvörðunin því eins ólögmæt og nokkur kostur var. Dóminum var ekki áfrýjað.

Ein ástæða þess að umbj. minn hóf reglulegar æfingar hjá skotfélaginu var að samkvæmt 11. gr. reglugerðar um skotvopn, skotfæri o.fl. nr. 787/1998, getur einstaklingur fengið leyfi til að eignast skammybyssu til iðkunar skotfimi (flokkur D) að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Samkvæmt 2. tl. 11. gr. reglugerðarinnar er eitt skilyrðið að viðkomandi hafi verið virkur meðlimur í viðurkenndu skotfélagi og hafi stundað reglulegar æfingar í viðurkenndum keppnisflokki í tvö ár og tekið þátt í landsmótum og/eða opnum mótum og ekki gerst brotlegur við umgengnis- og öryggisreglur félagsins. Skal þetta skilyrði staðfest af stjórn viðkomandi skotfélags.

Umbj. minn hafði verið virkur meðlimur skotfélagsins og mætt reglulega á æfingar í tæp tvö ár er hann var rekinn og meinaður aðgangur að æfingaaðstöðu félagsins. Að gengnum dómi héraðsdóms um ógildingu brottrekstursins taldi umbj. minn rétt að kalla eftir afstöðu félagsins til þess hvort það gæti staðfest að umbj. minn hefði verið félagsmaður í félaginu í meira en tvö ár og stundað þar reglulegar æfingar, auk þess að hafa ekki gerst brotlegur við umgengnis- og öryggisreglur félagsins. Bréf þess efnis var sent lögmanni skotfélagsins, hinn 30. júní sl.

Lögmaður félagsins svaraði erindinu samdægurs og kvaðst ætla senda það á skotfélagið. Er engin svör höfðu borist tveimur mánuðum síðar ítrekaði undirritaður erindið og fékk

MAGNA

þær upplýsingar að enn hefðu engin svör borist frá skotfélaginu. Erindið var aftur ítrekað 1. október, en var þá ekki svarað.

Samkvæmt framangreindu eru liðnir tæpir fimm mánuðir frá því umbj. minn óskaði eftir staðfestingu stjórnar skotfélagsins á því að hann uppfyllti skilyrði 11. gr. reglugerðar 787/1998, vegna fyrirhugaðrar umsóknar hans um réttindi í D flokki skotvopna. Þrátt fyrir ítrekanir hafa engin svör borist frá félaginu. Það skiptir umbj. minn máli að fá svör við erindum sínum, þar sem hann hefur hug á því að sækja um réttindi í flokki D skotvopna, en almennt skotvopnaleyfi hefur umbj. minn haft í áratugi.

Umbj. minn er afar ósáttur við framkomu stjórnar Skotfélags Kópavogs í hans garð. Ekki virðist duga að láta hann sæta ólögmætum og niðurlægjandi brottrekstri úr félaginu, heldur er hann ekki virtur viðlits þegar óskað er staðfestingar frá skotfélaginu sem honum er þörf á samkvæmt reglugerð til þess að fá útgefin réttindi.

Umbj. minn telur ljóst að verulegur pottur sé brotinn í starfsemi Skotfélags Kópavogs. Eins og fram kom undir rekstri dómsmálsins hefur skotfélagið þegið háar fjárhæðir frá Kópavogsbæ í opinbera styrki til starfseminnar. Ljóst er samkvæmt framangreindu að stjórnendur félagsins víla ekki fyrir sér að brjóta á réttindum borgaranna, neita þeim eftir geðþótta að stunda æfingar og sinna því ekki að gefa út staðfestingar sem og lög og reglugerðir kveða á um að séu í verkahring stjórnar félagsins. Skotfélagið heyrir, eftir því sem umbj. minn kemst næst, undir Íþróttaráðs Kópavogsbæjar, sem hlýtur að fara með eftirlitsskyldu gagnvart félaginu, en hlutverk ráðsins er m.a. að fylgjast með framkvæmd íþróttamála í bæjarfélaginu.

Umbj. minn hefur verið búsettur í bæjarfélaginu í áratugi. Framkoma stjórnar skotfélagsins er með slíkum eindæmum að umbj. minn telur yfirvöld íþróttamála í bæjarfélaginu ekki geta annað en hlutast til um málefni félagsins. Félagið rækir augljóslega ekki skyldur sínar sem um er fjallað í reglugerðum, með þeim afleiðingum að borgarar geta ekki sótt um leyfi sem þeim er þó heimilt að fá.

Með bréfi þessu er þess krafist að Íþróttaráð Kópavogsbæjar hlutist tafarlaust til um málefni Skotfélags Kópavogs og rannsaki starfsemi þess og þá valdniðslu og óstjórn sem viðhöfð er af núverandi stjórnendum þess. Er þess m.a. krafist að Íþróttaráð Kópavogsbæjar grennslist fyrir um það hvers vegna erindum umbj. míns til félagsins á grundvelli 11. gr. reglugerðar 787/1998, er ekki svarað. Þá telur umbj. minn að sveitarfélagið geti varla látið fé af hendi rakna til íþróttafélags meðan það sinnir ekki lágmarksskyldum sínum, rekur fólk úr félaginu eftir geðþótta og meinar því þannig á ólögmætum forsendum að stunda íþróttir í bæjarfélaginu.

Virðingarfyllst,
f.h. Stefáns Rúnars Bjarnasonar


Gunnar Ingi Jóhannsson hrl.
MAGNA lögmenn

Afrit:
Skotíþróttasamband Íslands
Engjavegi 6
104 Reykjavík

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026